

4. september 2019

Tenging launa við niðurstöður mælinga á landsframleiðslu

Í kjarasamningum sem voru undirritaðir 3. apríl síðastliðinn er meðal annars að finna það nýmæli að tengja saman launataxta og þróun landsframleiðslu á mann. Nánar tiltekið er kveðið á um að á árunum 2020-2023 komi til framkvæmdar svokallaður hagvaxtarauki. Hann er ákvarðaður á grundvelli áætlunar um landsframleiðslu liðins árs sem Hagstofa Íslands birtir að jafnaði um tveimur mánuðum eftir að viðmiðunarárinu lýkur. Hækki landsframleiðsla á mann um tiltekna prósentu skulu launataxtar hækka um ákveðna krónutöluupphæð. Þar með er komin bein tenging milli launaþróunar og efnahagsframvindunnar eins og hún mælist samkvæmt þjóðhagsreikningum.

Þar sem hér er um töluverðar breytingar að ræða frá því sem áður hefur tíðkast við gerð kjarasamninga, er mikilvægt að huga að þeim álitaefnum sem af þessu leiða. Má í því sambandi nefna atriði sem snúa að verklagi við birtingu á niðurstöðum þjóðhagsreikninga og endurskoðun á slíkum tölum eftir því sem frá líður. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að aðferðafræði þjóðhagsreikninga er breytingum háð og fylgir alþjóðlegum stöðlum sem eru í sífelltri endurskoðun. Í þessum skilningi eru því niðurstöður þjóðhagsreikninga á hverjum tíma háðar ýmsum óvissupáttum sem mikilvægt er að taka tillit til þegar niðurstöður eru túlkaðar.

Vinnsla, birting og endurskoðun þjóðhagsreikninga

Í opinberri tölfræði eru tvær mikilvægar gæðavíddir, tímanleiki, þ.e. hve skjótt niðurstöður eru birtar og nákvæmni í niðurstöðum. Í reglulegum birtingum, meðal annars í þjóðhagsreikningum, er algengt að niðurstöður séu endurskoðaðar enda eru þær oft byggðar á bráðabirgðatölum þar sem markmiðið er að gera grein fyrir þeim eins fljótt og unnt er. Áreiðanleiki niðurstaðna eykst venjulega með tímanum þegar nýrri og betri gögn verða tiltæk, til dæmis úr opinberum skráum. Ef um bráðabirgðaniðurstöður er að ræða er notendum gerð grein fyrir því og þurfa notendur að túlka bráðabirgðaniðurstöður í samræmi við eðli þeirra.



Fyrstu tölur um landsframleiðslu næstliðins árs

Um tveimur mánuðum eftir að viðmiðunarári lýkur birtir Hagstofa Íslands áætlaða landsframleiðslu fjórða ársfjórðungs þess árs og um leið fyrstu áætlun (e. provisional) um landsframleiðslu ársins í heild. Um er að ræða samtölu ársfjórðungslegra mælinga samkvæmt ráðstöfunaraðferð. Fyrstu niðurstöður sem skilgreindar eru sem bráðabirgðatölur (e. preliminary estimates) eru birtar samhliða birtingu áætlaðarar landsframleiðslu á 2. ársfjórðungi líðandi árs, eða um 8 mánuðum eftir að viðmiðunarári lýkur.

Niðurstöður þjóðhagsreikninga eru skilgreindar sem bráðabirgðatölur þar til um 26 mánuðum eftir að viðmiðunarári lýkur, en geta engu að síður tekið breytingum eftir því sem tilefni gefst. Vinnslutími talna samkvæmt framleiðsluaðferð er annar en fyrstu tölur samkvæmt þeirri aðgerð eru birtar um 15 mánuðum eftir að árinu lýkur. Fram til þess tíma eru gerðar áætlanir um atvinnuvegi en sundurliðun þeirra áætlana er lítil.

Við gerð þjóðhagsreikninga er gerður greinarmunur á því hvort að um er að ræða reglulega endurskoðun (e. routine revision) eða svokallaða meiriháttar endurskoðun (e. major revision). Reglulegar endurskoðanir eiga sér stað innan skilgreinds tímabils sem yfirleitt nær til líðandi árs og að auki 2-3 liðinna ára. Tilgangur reglulegra endurskoðana er fyrst og fremst sá að styrkja áður framkvæmdar mælingar eftir því sem meiri og áreiðanlegri upplýsingar liggja fyrir. Reglulegar endurskoðanir eru því órjúfanlegur hluti þjóðhagsreikninga og mikilvægur þáttur í framkvæmd tímamælinga og áreiðanlegra mælinga. Slíkar endurskoðanir byggja á fastmótuðu verklagi sem á sér stað í opinberri endurskoðunarstefnu og birtingaráætlun viðkomandi hagstofu. Dæmi um slíkt er endurskoðun birtra áætlana sem eru endurskoðaðar þegar ítarlegri gögn liggja fyrir, t.d. þegar ítarlegri upplýsingar liggja fyrir úr skattframtölum einstaklinga og fyrirtækja.

Aðrar endurskoðanir, sem ná yfir lengri tíma, eru skilgreindar sem meiriháttar endurskoðanir og geta komið til af ýmsum ástæðum. Algengustu ástæðurnar eru nýjar heimildir, nýjar aðferðir, og endurskoðun staðla og flokkunarkerfa. Slíkar endurskoðanir ná öllu jöfnu yfir lengra tímabil og eru framkvæmdar sjaldnar. Dæmi um slíka endurskoðun var árið 2014 þegar nýr evrópskur þjóðhagsreikningastaðall, ESA 2010, var innleiddur á Íslandi.¹

Til að mæta betur þörfum notenda fyrir samræmd viðmið um tímasetningar slíkra endurskoðana, hafa aðildarlönd hins evrópska hagskýrslusamstarfs (European Statistical System) komið sér saman um viðmið² um tímasetningu þeirra. Almennt verður miðað við að endurskoðanir tímaraða, umfram hina reglubundnu endurskoðun, verði framkvæmdar á fimm ára fresti og samtímis í öllum aðildarlöndunum. Í tengslum við innleiðingu þessara viðmiða gerir Hagstofa Íslands ráð fyrir endurskoðun þjóðhagsreikninga í tengslum við birtingu bráðabirgðaniðurstaðna fyrir árið 2019, þ.e. í lok ágúst árið 2020. Við endurskoðun

¹ <https://hagstofa.is/adferdir-og-flokkun/esa2010/>

² <https://ec.europa.eu/eurostat/documents/3859598/9530664/KS-GQ-18-012-EN-N.pdf>

tímaraða verður þá leitast við að innleiða breytingar vegna nýrra eða betri gagna og endurbættra aðferða við mat á þeim. Miðað er við að næsta endurskoðun þar á eftir verði árið 2024 og svo framvegis á fimm ára fresti í samræmi við áður nefnda stefnu um samræmda tímasetningu meiriháttar endurskoðana.

Landsframleiðsla á mann

Eins og fram kemur fyrrnefndum kjarasamningum er miðað við landsframleiðslu á mann, enda er tengingin við einstaka launataxta en ekki heildarkjarapróun. Þar af leiðandi þarf jafnframt að hafa í huga atriði sem snúa að mannfjölda og mælingum á þróun hans. Tölfræði um mannfjölda byggir á gögnum frá Þjóðskrá og hafa upplýsingar um meðalmannfjölda næstliðins árs verið birtar upp úr miðjum marsmánuði ár hvert. Við fyrstu birtingu áætlaðrar landsframleiðslu hefur því til bráðabirgða verið stuðst við stöðu mannfjöldans á 2. ársfjórðungi liðins árs og sú stærð endurskoðuð að hausti í tengslum við birtingu endurskoððra mælinga á landsframleiðslu. Þó svo að öllu jöfnu megi gera ráð fyrir að áhrif þessa liðar séu óveruleg, er það mögulegt að endurskoðun hans geti haft áhrif á forsendur hagvaxtarauka.

Tölulegur samanburður

Eins og sjá má á eftirfarandi töflu getur talnaefni þjóðhagsreikninga breyst nokkuð frá því að fyrstu áætlanir eru birtar og eftir því sem lengra líður frá lokum viðmiðunarárs og meiri og betri upplýsingar liggja fyrir um efnahagsstarfsemina. Í töflunni má sjá samanburð á áætlaðri breytingu á landsframleiðslu á mann eins og hún var birt í byrjun mars, eða rúmum tveimur mánuðum eftir að viðkomandi viðmiðunarári lauk, til samanburðar við nýjustu endurskoðun sem birt var í ágúst sl.

Magnbreyting landsframleiðslu á mann

Viðmiðunarár	Áætluð breyting landsframleiðslu (fyrsta birting)	Breyting landsframleiðslu (nýjasta birting í ágúst 2019)
2012	1,1%	0,8%
2013	2,3%	3,2%
2014	1,3%	1,0%
2015	2,8%	3,7%
2016	5,5%	5,2%
2017	1,1%	2,0%
2018	1,7%	2,1%

Hagtíðindi Greinargerð
Statistical Series *Working papers*

104 árg. • 10. tbl.

ISSN 1670-4770

4. september 2019

Umsjón: Gunnar Axel Axelsson • Gunnar.Axelsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* (+354) 528 1000

Bréfasími *Fax* (+354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.